

Ályktun 42. þings BSRB um nýsköpun í almannaþjónustu

BSRB vill stuðla að samhæfðri stefnumótun í samstarfi við ríki og sveitarfélög um nýsköpun í opinberri þjónustu. Markmið samhæfðrar stefnumótunar er að standa vörð um velferðarkerfið með því að nýta betur uppsafnaða þekkingu og reynslu starfsmanna til að treysta skilvirkni í efnahag og fjársýslu. Með nýsköpun vill BSRB tryggja atvinnugæði og öryggi, skilvirkni, gæði, þjónustusvörun, lýðræðislega ábyrgðarskyldu, háleitari siðferðisgildi og jafna möguleika.